

From: [Fréttir frá Ferðamálastofu - Ferðamálastofa](#)
To: [Grímsnes- og Grafningshreppur](#)
Subject: Opnað fyrir umsóknir um styrki úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða
Date: 13 September 2024 09:31:20
Attachments: [image001.png](#)

Góðan dag Grímsnes- og Grafningshreppur

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða hefur auglýst eftir umsóknum um styrki fyrir árið 2025. Sjóðurinn fjármagnar framkvæmdir á ferðamannastöðum og ferðamannaleiðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila. Umsóknarfrestur er til kl. 13 þriðjudaginn 15. október 2024. Umsóknir sem berast eftir þann tíma koma ekki til álita.

Í úthlutuninni er lögð áhersla á minna sótt svæði og lengingu ferðatímabils. Gæðamat sjóðsins mun taka mið af þessari áherslu og eru umsækjendur hvattir til að kynna sér nýtt gæðamatsblað sjóðsins.

Sjóðnum er heimilt að fjármagna framkvæmdir er snúa að:

- Öryggi ferðamanna.
- Náttúruvernd, viðhaldi og uppbyggingu ferðamannastaða og ferðamannaleiða.
- Fjármögnun undirbúnings- og hönnunarvinnu sem er nauðsynleg vegna áðurgreindra framkvæmda. Fyrirhuguðu verkefni skal í umsókn lýst svo skilmerkilega að mögulegt sé að meta styrkhæfi þess.

Sjóðnum er ekki heimilt m.a.:

- Að bera rekstrarkostnað af mannvirkjum og vegna náttúruverndarsvæða eða annarra ferðamannastaða.
- Að fjármagna framkvæmdir sem eru á landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.
- Veita fjármagni til verkefna sem þegar er lokið.

Gæði umsókna

Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér vel þau lög og reglur sem um sjóðinn gilda og vanda umsóknir sínar í hvívetna. Umsækjendum er bent á að kynna sér gæðaviðmið sjóðsins sbr. [gæðamatsblað](#) ásamt frekari upplýsingum um sjóðinn, skilyrði lánveitenda og umsóknarferlið, sem [finna má á umsóknarsíðu](#). - <https://www.ferdamalastofa.is/umsoknir>

Hvar ber að sækja um?

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum [island.is](#) en [hlekkur á umsókn er á umsóknarsíðu](#).
<https://www.ferdamalastofa.is/umsoknir>

Umsóknarfrestur

Umsóknartímabil er frá og með 12. september 2024 til kl. 13 þriðjudaginn 15. október. Umsóknir sem berast eftir þann tíma koma ekki til álita.

Nánari upplýsingar:

[Nánari upplýsingar á umsóknarsíðu](#)

[Auglýsing sem PDF](#)

[Fyrri úthlutanir](#)

Með kveðju,

 <p>Ferðamálastofa Icelandic Tourist Board</p>	<p>Framkvæmdasjóður ferðamanastaða</p> <p>framkvaemdastodur@ferdamalastofa.is</p> <p>Sími/Tel: +354 535 5500</p> <p>www.ferdamalastofa.is</p>
--	--